

Fundargerð 8. fundar háskólaráðs LbhÍ 2018

27. júlí 2018, kl. 15:00 á Hvanneyri, Borgarfirði

Mættir voru: Sæmundur Sveinsson (SS) (rektor), Bjarni Diðrik Sigurðsson (BDS) (fulltrúi starfsmanna), Jóhannes Kristjánsson (JK) (fulltrúi starfsmanna), Gunnfríður Elín Hreiðarsdóttir (GEH) (fulltrúi mennta- og menningarmálaráðuneytisins) og Sunna Þórarinsdóttir (SP) (fulltrúi nemenda).

1) Umræða um val á utanaðkomandi fulltrúum í háskólaráð LbhÍ

Rætt var um val á utanaðkomandi fulltrúum í háskólaráð. Rætt var hvaða reynslu og hæfni fulltrúarnir þyrftu yfir að búa. Helena Guttormsdóttir var kölluð inn á fundinn kl.15:30 og fulltrúarnir fimm sátu fundinn spurðu Helenu úti hvernig ráðið hefur starfað á undanförunum árum og hvernig tilnefningar utanaðkomandi fulltrúa hafi áður farið fram. Helena sagði frá sinni reynslu um starf sitt innan háskólaráðs LbhÍ og vék af fundi um kl.16.30.

Á fundinum var einróma samþykkt að veita rektor umboð til að leita til eftirfarandi þriggja aðila um setu í háskólaráði til næstu tveggja ára:

1. Guðrún Eik Skúladóttir, bónda á Tannstaðabakka í Hrútafirði
2. Halldór Þorgeirsson, fráfaramandi forstjóra hjá UNFCCC.
3. Hrönn Ólína Jörundsdóttir, sviðsstjóra Mæliþjónustu og innviða hjá Matís (sem varamann)

2) Praktísk atriði varðandi starf ráðsins til að ræða

a. Val á ritara.

SS lagði til að Guðríður Helgadóttir yrði tilnefnd sem ritari háskólaráðs LbhÍ. Guðríður hefur áður gengt þessu starfi. Ráðið samþykkti þessa tillögu einróma.

b. Tíðni funda.

Stefnt verður að ráðið fundi einu sinni í mánuði. Enn fremur var rætt um að útbúið yrði fundar plan fyrir veturinn

3) Staðan á ráðningu nýs rektors

SS fór yfir stöðuna um ráðningu rektors. Valnefnd er að störfum og mun hún taka viðtal við umsækjendur þann 14. ágúst. Öllum fjórum umsækjendum er boðið í viðtal til valnefndar.

4) Næsti fundur

Næsti fundur háskólaráðs er föstudaginn 10. ágúst kl.15. Fundurinn verður líklega haldinn á Hvanneyri.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl.17:00